

Íslenskur iðnaður

SI

8. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Ágúst 2008



Borgarráð hafnaði verðtryggingu

Borgarráð hafnaði á fundi 14. ágúst Berindi Samtaka iðnaðarins um að verksamningar sem gerðir eru til lengri tíma en þriggja mánaða verði verðtryggðir.

Mikil vonbrigði eru innan Samtaka iðnaðarins með þessa ákvörðun borgarráðs. Jón Steindór Valdimarsson

framkvæmdastjóri Samtakanna óttast afleiðingar synjunarinnar. Hann segir ósanngjarnt að verktaki beri einn ábyrgð á ófyrirséðum verðhækkunum vegna gengissveiflna og hækkunar á heimsmarkaðsverði hráefnis. Málið var tekið upp á fundi 17. júlí og vísað til umsagnar Birgis Björns Sigurjónssonar fjármálastjóra borgarinnar. Í umsögn Birgis er

lagst gegn því að orðið verði við erindinu. Vísað er í jafnræðisreglu stjórnsluréttar og reglur um opinber útboð. Til laga fjármálastjórans var samþykkt á fundi borgarráðs í gær með sex greiddum atkvæðum. Fulltrúi Framsóknarflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Jón Steindór Valdimarsson segir að málið verði tekið upp að nýju við borgina og færð fyrir því frekari rök. Vegagerðin hafi samþykkt sambærilegt erindi í vor.

Forsendur verksamninga að bresta

Árni Jóhannsson forstöðumaður mannvirkjasviðs SI segir mörg dæmi um að verktakar eigi í erfiðleikum. Í mörgum tilfellum geti verið hagkvæmara fyrir verktaka að segja sig frá verkum og borga sekt í stað þess að standa við gerða samninga.

Vilt þú
auka framleiðni
og bæta afkomu
fyrirtækisins?



Áfangaskipt gæðavottun SI

SI

Samtök iðnaðarins

bls. 2



Leit að leiðarsteini

bls. 3



REACH Ertu ekki viss?

bls. 5



Íslenska ólympíuliðið aftur í fánalitina

bls. 7



Stöðugur stuðningur við ESB



Gott til endurvinnslu

Leit að leiðarsteini

Á þessum vettvangi hefur margsinnis verið minnt á mikilvægi þess að starfsskilyrði iðnaðarins og alls atvinnulífsins, séu jafngóð eða betri en erlendra keppinauta, skýr og fyrir-sjáanleg. Ennfremur hefur verið kallað eftir stöðugleika í efnahagslegu umhverfi. Þetta eru grundvallaratriði þess að unnt sé að halda atvinnulífinu þróttmiklu til langframa og standa undir þeirri hagsæld og velferð sem við krefjumst okkur til handa.

Stórsjór

Ölduhæðin á þeim sjó sem efnahags- og atvinnulíf okkar siglir hefur sjaldan verið meiri. Öldugangurinn hefur þar að auki magnast mjög á síðustu mánuðum vegna boðafalla sem hingað berast vegna alþjóðlegrar fjármálakreppu. Líkurnar á því að brotsjór ríði yfir og laski fley okkar fara vaxandi ef ekki tekst að sigla því á lagnari sjó. Þegar lítið er yfir haflötinn má sjá þessa öldutoppa:



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

- Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru 15,5%
- Dráttarvextir eru 26,5%
- Verðbólga er 13,6% og vaxandi
- Aukning vanskila fyrirtækja milli fyrsta og annars ársfjórðungs er 127%
- Samdráttur á umsvifum á fasteignamarkaði á einu ári er 64%
- Evran kostaði 91 krónu í desember en nú um 123 krónur. Hækkun um 35%
- Aðgangur að lánsfé er takmarkaður
- Atvinnuleysi fer vaxandi
- Gjaldþrotum fjölgar
- Kaupmáttur rýrnar
- Forsendur nýlegra kjarasamninga eru greinilega brostnar
- Samkeppnishæfni Íslands versnar

Ísland sýgur niður lista um samkeppnishæfni 131 þjóðar. Samkvæmt The Global Competitiveness Report 2007 – 2008, sem World Economic Forum gefur út, fellur Ísland úr 20. í 23. sæti og er neðst Norðurlandþjóðanna. Danmörk er í þriðja sæti, Svíþjóð fjórða, Finnland í sjötta og Noregur í 16. sæti. Það stingur óneitanlega í augu, en kemur ekki á óvart, að Ísland er í 103. sæti listans þegar kemur að efnahagslegum stöðugleika. Þar erum við í hópi ríkja sem við erum ekki von að bera okkur saman við þegar kemur að lífskjörum eða efnahagslífi. Næst á undan okkar í röðinni eru Jórdanía og Pakistan en á hæla okkar koma Úsbekistan og Úganda. Norðurlöndin eru hins vegar í sætum 6, 9, 10 og 17 á þennan mælikvarða. Okkar veikustu þættir eru hátt vaxtastig, mikil verðbólga og lítill sparnaður.

Dýr lexía

Þrátt fyrir að hér hafi verið dregin upp býsna dökk mynd af því umhverfi sem nú blasir við í efnahagslífinu er ekki ástæða til þess að örvænta. Erfiðleikar verða oft til þess að skerpa sýn á það sem betur má fara og hvar treysta þarf innviðina. Þar þurfa allir að líta í eigin barm, stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar. Öll berum við ábyrgð á ástandinu. Nú á að grípa tækifærið og vinna markvisst að því að slíkt ástand skapist ekki aftur. Við eigum ekki að þurfa aðra lexíu af þessu tagi til þess að bregðast við.

Setja verður kúrsinn

Það er skylda stjórnvalda, samtaka atvinnurekenda og launþega að vinna saman að því að draga eftir mætti úr þeim skaða sem núverandi öldurót veldur, lægja öldurnar til skamms tíma um leið og hugsað er fyrir því að skapa þá umgjörð um efnahagsmálin sem tryggir best að hægt sé að sigla sem lagnastan sjó í framtíðinni.

Áhöfnin á þjóðarskútunni verður að vera sannfærð um að þeir sem við stjórnvölinn standa hafi tekið réttan kúrs og sigli eftir markaðri stefnu. Því miður er þetta ekki raunin. Sjúkort og leiðarstein er hvergi að sjá í brúnni.

REACH - Ertu ekki viss?

Kynningarfundur um efnalöggjöf ESB

„Mun fleiri fyrirtæki falla undir nýju efnareglugerðina en margir halda“ segir Bryndís Skúladóttir. Mikilvægt sé að íslensk fyrirtæki taki þátt í ferlinu frá byrjun því óheimilt verði að framleiða eða markaðssetja óskráð efni í Evrópu. Framleiðendur, innflytjendur og seljendur verði ábyrgir fyrir því að efni á þeirra vegum séu ekki skaðleg umhverfi og heilsu fólks.

Allir innflytjendur efna þurfa að skrá

Nýjar reglugerðir á umhverfissviði

Efnalöggjöf

Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnunum. Reglugerðin er sett til að innleiða nýja efnavörulöggjöf Evrópusambandsins, svokallaða REACH reglugerð. Reglugerðin hefur víðtæk áhrif hér á landi þar sem gildissvið hennar er víðtækara en í eldri reglugerðum um efni og efnablöndur. Hér er ekki einungis verið að fjalla um eiturefni, hættuleg efni eða efni sem notuð eru í miklu magni í iðnaði. Algeng efni og efnablöndur, svo sem hreinsiefni og málning, falla undir reglugerðina sem og efni í algengum hlutum eins og raf-tækjum, fötum og húsgögnum.

Þvotta- og hreinsiefni

Reglugerð nr. 708/2008 um þvotta- og hreinsiefni. Um er að ræða allsherjar endurskoðun á löggjöfinni. Meðal annars er þar að finna breyttar kröfur um merkingar á umbúðum varðandi skammtastærðir í þvottavél. Eins koma fram nýjar kröfur um prófanir.

Hávaði

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Í reglugerðinni er almenn endurskoðun á viðmiðunarmörkum fyrir hávaða og talsverðar breytingar frá eldri reglum. Meðal nýjunga eru viðmiðunarmörk fyrir hávaða innanhúss frá atvinnustarfsemi. Einnig eru sett tímamörk vegna hávaðasamra framkvæmda og skal tilkynna um hávaðasamar framkvæmdir fyrirfram í íbúðarhverfum.



Bryndís Skúladóttir
forstöðumaður
umhverfissviðs

efni, þó magnið sé lítið. Skrá þarf sérstaklega hvert efni fyrir sig sem flutt er inn í meira magni en einu tonni á ári. Allar efnavörur falla undir tilskipunina, ekki bara hættuleg efni. Reglugerðin er að þessu leiti mun víðtækari en eldri reglur.

Óskráð efni verða ólögleg

REACH (Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals) efnalöggjöfin miðar að því að gera efni hættuminni umhverfi og heilsu manna auk þess að stuðla að nýsköpun og efla samkeppnishæfni efnaiðnaðar. Um er að ræða eina flóknuustu reglugerð Evrópusambandsins. Um 30 þúsund efni verða skráningar-

skyld og notkun óskráðra efna verður ólögleg. Sönnunarbyrði um öryggi efna færast frá yfirvöldum til fyrirtækja sem framleiða og flytja inn efni. Forskráning hófst í júní og lýkur í nóvember á þessu ári.

Umhverfisstofnun og SI standa fyrir kynningarfundum um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir REACH þann 18. september næstkomandi í Yale salnum á Radisson SAS Hótel Sögu frá klukkan 9-12. Gestur fundarins er Doris Thieman, sérfræðingur frá Efnastofnun Evrópu. Doris starfar við þjónustuborð Efnastofnunar Evrópu (ECHA Helpdesk) sem hefur það hlutverk að veita fyrirtækjum sem hyggjast skrá efni, upplýsingar um helstu ákvæði og skyldur þeirra samkvæmt REACH. Hún kemur einnig að stjórn og skipulagningu samstarfs milli allra REACH þjónustuborða innan EES.

Á vef Samtaka iðnaðarins www.si.is/orku-og-umhverfismal/ má finna nánari upplýsingar um REACH.

REACH - Ertu ekki viss?

Fundur um nýja reglugerð um skráningu efna, mat, leyfisveitingar og takmarkanir. Fundurinn er haldinn 18. september Yale salnum á RadissonSAS Hótel Sögu kl. 09.00 - 12.00

Dagskrá

9.00 Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarins
Breytt lagaumhverfi og aukin ábyrgð framleiðenda

Doris Thieman, Efnastofnun Evrópu (ECHA)
Almenn kynning á REACH

Kaffihlé

Sigríður Kristjánsdóttir, Umhverfisstofnun
Skyldur íslenskra fyrirtækja og fyrstu skrefin

Doris Thieman, Efnastofnun Evrópu
Forskráning og leiðbeiningarskjöl

Samantekt og spurningar

Gestur fundarins er Doris Thieman, frá þjónustuborði ECHA. Fundurinn er öllum opin og aðgangur ókeypis. Skráning á mottaka@si.is eða í síma 591 0100.



Námsefnisstyrkur SI skiptir sköpum

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsókn-um um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað. Umsóknarfrestur er til 1. október næstkomandi.

SI hafa undanfarin ár varið árlega um 10 m. kr. til að styrkja gerð námsefnis. Meðal þeirra sem geta sótt um styrk til einstakra verkefna eru útgefendur, skólastofnanir og kennarar. Sjá nánari skilyrði í auglýsingu.

Meðal þeirra sem hlotið hafa námsefnisstyrk SI er IÐNÚ bókaútgáfa. Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri IÐNÚ bóka-

útgáfu segir að námsefnisstyrkur SI skiptir sköpum fyrir námsgagnagerð í iðngreinum. „Án hans hefðum við ekki gefið út margar af þeim bókum sem komið hafa út hjá okkur á síðustu árum.“

Þörf fyrir nýtt námsefni er aðkallandi. Undanfarin ár hafa verið unnar ítarlegar námskrár í ýmsum iðn- og starfsgreinum. Kennsla samkvæmt þeim er komin mislangt á veg. Það sem háir kennslunni er að tilheyrandi námsefni er ýmist ekki til eða úrelt.

Frekari upplýsingar gefur Ingi Bogi Bogason í síma 591 0126.



Námsefnisstyrkir Styrkir til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni við hæfi.

Samtök iðnaðarins auglýsa lausa til umsóknar styrki til námsefnisgerðar í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru eftirfarandi:

- Fyrir liggja skuldbinding um heildarframvindu verkefnis
- Verkefnið svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni
- Verkefnið sé unnið í samvinnu við þá sem málið varðar, s.s. skóla, félag og fyrirtæki
- Aðrir en Samtök iðnaðarins fjármagni verkefnið a.m.k. að hálfu
- Þeir sem vinna verkefnið hafi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði
- Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum
- Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram

Umsóknarfrestur: 1. október 2008

SI

Samtök iðnaðarins



Mikill ferðamanna- straumur á Kárahnjúka

Stöðugur ferðamannastraumur hefur verið um Kárahnjúkasvæðið frá því að það var opnað almenningi í júlí. Þann 18. ágúst var svæðinu lokað aftur en þá hófst vinna við að tryggja veginn gegn grjóthruni.

Á meðan svæðið var opið var fólki frjálst að fara yfir stífluna en óheimilt var að stöðva ökutæki eða fara fótgangandi um nema á afmörkuðum og merktum svæðum.

Sólveig D. Bergsteinsdóttir forstöðumaður Végarðs, upplýsingamiðstöðvar Kárahnjúkavirkjunar við Fljótsdalshlíð, segir tugi þúsunda ferðamanna fara inn á svæðið árlega. Strax við opnunina 15. júlí hafi verið merkjanleg aukning. Þó liggi nákvæm talning ekki fyrir þar sem einungis séu taldir bílar sem aka austanmegin frá og fara vestur yfir stífluna.

Eitthvað hefur verið af grjóthruni úr Kárahnjúk á veginn sem ferðamenn aka um, en öryggisvörður hefur fylgst með að ekki skapist hætta af. Sólveig segir að nú verði hafist handa við að setja upp girðingar og net til að auka öryggi ferðamanna á veginum.



Íslenska ólympíuliðið aftur í fánalitina



Íslenska fyrirtækið Henson sports hf. í Brautarholti framleiðir búninga íslensku ólympíufaranna í ár eftir nokkuð hlé. Stórt erlent ípróttamerki framleiddi búningana fyrir ólympíuleikana árin 2000 í Sydney og 2004 í Aþenu. Þá voru þeir ekki í íslensku fánalitunum. Halldór Einarsson, oftast kenndur við fyrirtæki sitt Henson segir að þegar verkefnið kom aftur inn á hans borð hafi annað ekki komið til greina en að setja búningana í íslensku litina.

Halldór segir að honum hafi alltaf þótt skrytið að sjá Íslendinga í litum Simbabve eða Botswana. „Það var líka

svolítið sorglegt að sjá metnaðinn hverfa. Bæði metnað framleiðandans, Nike í þessu tilfalli, og svo að Íslendingar skyldu sætta sig við þetta,“ segir Halldór.

Henson hannaði fyrst ólympíufatnaðinn fyrir Ólympíuleikana í Montreal árið 1976. Næstu fjórir Ólympíuleikar fylgdu í kjölfarið, í Moskvu, Los Angeles, Seoul og Barcelona. Prenttæknin sem notast er við er svokölluð heilprentun þar sem hönnun, myndir og merkingar eru prentaðar á sama tíma. Halldór segir þetta yfirburðartækni þar sem liturinn breytist í gas og gangi inn í efnið við mikinn hita og þrýsting. Þannig haldist hann alveg óbreyttur og endingin sé ótrúleg.

Aðspurður hvort það veki ekki upp stolt að sjá eigin framleiðslu á Ólympíuleikunum segir hann að honum finnst þetta að sjálfsgöðu gaman. Það séu stóru vörumerkin sem framleiddi búningana fyrir næstum allar þjóðirnar á leikunum. Halldór fer í viðskiptaferð til Kína í lok mánaðarins. „Og þar skiptir miklu máli að fyrirtæki mitt sé með búninga á Ólympíuleikunum,“ segir hann.

„En verkefnið var krefjandi og skemmtilegt og ég er sérstaklega ánægður með að ólympíuliðið okkar sé aftur komið í íslensku litina.“



Íslenskar matar- hefðir og héraðskrásir

Matvæladagur Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands (MNÍ) verður haldinn í 16. skipti 16. október nk. Yfirskriftin er: ÍSLENSKAR MATARHEFÐIR OG HÉRAÐSKRÁSIR. Þar verður meðal annars fjallað um vörubrúun og notkun íslenskra hráefna í matvæli, staðbundin einkenni matvæla, matvælatengda ferðamennsku og séríslenskar hefðir. Þá mun erlendur sérfræðingur á þessu sviði fjalla almennt um gildi þjóðlegs og staðbundins matar og matarhefða, með áherslu á Norðurlöndin.

Á Matvæladeginum verða veitt árleg verðlaun, FJÖREGG MNÍ, fyrir lofsvert framtak á matvæla- og/eða næringarsviði. FJÖREGGIÐ, sem er íslenskt glerlistaverk, er veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Öllum er heimilt að senda inn tilnefningar til Fjöreggsins en allar tilnefningar verða metnar af 5 manna dómnefnd. Fyrirtæki eru eindregið hvött til að benda á vörur, þjónustu eða annað gott framtak einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja sem þau telja að verðskuldi verðlaunin. Gott er að tilnefningunni fylgi stuttur rökstuðningur. Tilnefningar til Fjöreggsins þurfa að berast fyrir 10. september. Hægt er skrá tilnefningar á heimasíðu félagsins, www.mni.is eða með tölvu-pósti til eftirtalinnna: Ása Vala Þórisdóttir, asavala@landspitali.is, Óla Kallý Magnúsdóttir, olakally@landspitali.is, Svandís Erna Jónsdóttir, svandjo@landspitali.is.

Ragnheiður Héðinsdóttir

SI

Íslenskur
iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
8. tbl. 14. árg. ágúst 2008
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðu: 22.08.2008
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: forsiða Valdís Þórðardóttir, bls. 5 Vilhelm Gunnarsson, Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófaralestur: Rakei Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrót/efnisöflun: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Fleiri íslenskar bækur prentaðar hérlendis

Vegna gengisþróunar síðustu mánaða er óhagstæðara að prenta íslenskar bækur utan landsteinanna nú en áður. Í fréttum Sjónvarps 19. ágúst kom fram að á síðasta ári hafi metfjöldi íslenskra bókatitla verið prentaður í útlöndum, eða 57%. Fleiri bækur verða prentaðar hér á landi í ár vegna stöðu krónunnar.

Jón Jósafat Björnsson framkvæmdastjóri Odda sagði að gengismunur ætti stærstan þátt í samningi sem Forlagið og Oddi hafa gert. Um væri að ræða stærsta forlag landsins.

Egill Örn Jóhannsson framkvæmda-

stjóri Forlagsins sagði að Oddi myndi prenta 100 titla en ákveðinn fjöldi bóka sé því alltaf prentaður í útlöndum.

Árið 2000 voru 67% bókatitla prentaðir hérlendis en einungis 43% á síðasta ári. Jón vonast til að hlutfall bóka sem prentaðar eru hér á landi fari yfir 50%. Hlutfallið mun hækka eitthvað á þessu ári þar sem stærstur hluti bóka Forlagsins verður prentaður hérlendis, að minnsta kosti til áramóta.

Strangar umhverfisreglur í Danmörku skaða samkeppnishæfni

Samtök iðnaðar í Danmörku óttast að fyrirtæki flýi úr landi vegna flókinna reglna um umhverfismál. Starfsaðstæður þeirra séu gerðar afar erfiðar af reglugerðum. Samtökin í Danmörku hafa kynnt umhverfisráðherra landsins tillögur til að einfalda stjórnábyrgð.

Um er að ræða 20 tillögur um hvernig ráðherrann getur fjarlægð stjórnunarlegar byrðar af ráðuneytinu. Tillögurnar segja einnig til um hvernig stjórn umhverfisráðuneytisins geti minnkað þessar byrðar á atvinnulífið. Meðal þeirra er að slá af grænum kröfum þegar þær eru ekki lengur nauðsynlegar.

Bjarne Palstrøm yfirmaður umhverfismála hjá Dansk Industri segir á heimasíðu samtakanna að umfang stjórnunarlegra byrða á umhverfisráðið hafi tekið yfir. Hann varar við að óþægindin af flóknum umhverfisreglum sveitarfélaga og seinangangur geti orðið til þess að fyrirtæki flytji ekki úr einu sveitarfélagi til annars, heldur til annars lands.

Reglurnar eru ekki einungis tilkomnar vegna ráðuneytisins sjálfs, heldur oft vegna almennra laga, hægfare afgangslu mála og skorts á tölvutækni hjá yfirvöldum.

Fréttina í heild sinni má sjá á www.di.dk.

Málmiðnaður Styrkur til vinnustaða- kennslu

Samtök iðnaðarins auglýsa lausa til umsóknar styrki til vinnustaðakennslu. Að þessu sinni eru málmiðnaðarfyrirtæki hvött til að sækja um. Umsóknarfrestur er til 1. október nk.

Styrkjum til vinnustaðakennslu er ætlað að koma til móts við kostnað fyrirtækja af vinnustaðakennslu, eða starfsþjálfun í iðnnámi. Misjafnt er eftir starfsgreinum hvernig þjálfun á vinnustað er háttáð. Í sumum greinum er það hluti af námskrá og í öðrum ekki. Iðnnám er lögbundið nám á framhaldsskólastigi. Víða er vel séð fyrir kennslu í skóla en stjórnvöld leggja ekkert til starfsþjálfunar í fyrirtækjum. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til að leggja a.m.k. sambærilega fjárhæð til verkefnisins enda er vinnustaðakennsla hluti af opinbera menntakerfinu.

Styrkur er veittur fyrirtækjum sem annast skilgreinda kennslu á vinnustað í samræmi við samþykktá námskrá. Í þessum hópi eru einnig fyrirtæki sem standa utan SI.

Að þessu sinni eru fyrirtæki, sem taka nema í málmiðngreinum sérstaklega hvött til að sækja um styrk til að mæta kostnaði við kennslu í blikksmíði, málmsuðu, rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun. Umsóknir í þessum greinum hafa forgang.

Áhersla er lögð á nám í löggiltum og viðurkenndum iðn- og starfsgreinum á framhaldsskólastigi. Styrknum er ætlað að koma til móts við kostnað fyrirtækja en ekki að greiða hann að fullu. Eyðublöð er að finna á vef Samtaka iðnaðarins.

Sjá nánar: www.si.is/
vinnustadakennsla.

Stöðugur stuðningur við ESB

Ný könnun CapaCent Gallup staðfestir enn á ný að meirihluti Íslendinga vill ganga lengra í Evrópusamvinnunni en stefna ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir. Hvorki meira né minna en 60% eru hlynnt því að taka upp aðildarviðræður við ESB. Það eru þrisvar sinnum fleiri en þeir sem eru andvígir aðild.

Þá kemur í ljós að rúm 51% eru hlynnt aðild en 25% eru því andsnúin. Tæpur fjórðungur er hvorki hlynntur né andvígur aðild.

Evrusinnar eru 58% en 22% eru andvígir upptöku evru. Meirihluti stuðningsmanna allra stjórnmálaflokka er hlynntur evrunni í stað krónunnar. Það er athyglisvert að meirihluti stuðningsmanna allra flokka á Alþingi er hlynntur því að taka upp aðildarviðræður við ESB.

Hvorki skyndi- né töfralausn

Samtök iðnaðarins hafa frá stofnun verið

staðföst í þeirri skoðun að skynsamlegt sé að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Upp á síðkastið hafa fleiri hagsmunasamtök lýst sömu skoðun. Það er afstaða SI að slíkt skref sé hvorki skyndi- né töfralausn sem leysi okkur undan ábyrgð í efnahagsmálum. Þvert á móti má telja að efnahagsstjórnin verði erfiðari og mistök afdrifaríkari. Engu að síður er það skoðun Samtakanna að aðildin feli í sér einu raunhæfu leiðina til að tryggja stöðugleika í íslensku



efnahags- og atvinnulífi. Stöðugleika sem aldrei verður unnt að ná með núverandi fyrirkomulagi.

Grjónagrauturinn hækkar um 12%



Skólamáltíðir barna hækka um 12-13% nú í haust. Kostnaðurinn lendir á foreldrum og bæjarfélögum sem greiða niður máltíðirnar. Elín Einarsdóttir deildarstjóri skólamötuneyta hjá *Hollt í hádeginu* segir að hækkingin sé óvenjumikil í ár vegna efnahagsástandsins. Til samanburðar hafi hún verið 3-4% í fyrra. Hækkunin sé þó meiri fyrir fyrirtækið þar sem það sé bundið samningum sem gerðir voru fram í tímann.

Þetta er fjórða árið í röð sem *Hollt í hádeginu* býður upp á skólamáltíðir, en fyrirtækið er dótturfélag Sláturfélags Suðurlands. Það þjónustar sjö grunnskóla og þrjá leikskóla.

„Vinsælasti rétturinn hjá krökkunum er tvímælalaust grjónagrauturinn hjá öllum aldurshópum,“ segir Elín. Annars sé um ákaflega hefðbundinn heimilismat að ræða. Áhersla sé lögð á léttan og fituminni mat, grófmeti, ferska ávexti og salatbar. Hrísgrjón eru meðal annars blönduð byggi til að fá meira gróft inn í fæðuna. Boðið er upp á fisk 1-2 í viku og kjúklingur er vinsæll. En einu sinni á önn er boðið upp á pizzur og hamborgara. Kostnaðarhækkunin bitnar ekki á gæðum til barnanna, að sögn Elínar. „Við erum að byggja framtíð að heilsu þeirra svo það þarf að byggja góðan grunn.“



Samtök iðnaðarins um

menntun og mannaúð

Íslensk iðnfyrirtæki treysta á öflugt menntakerfi



SI
Samtök iðnaðarins



Styrkir til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum SI

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum um styrki til iðnfyrirtækja sem annast vinnustaðakennslu. Að þessu sinni eru fyrirtæki, sem taka nema í málmiðngreinum sérstaklega hvött til að sækja um styrk til að mæta kostnaði við kennslu í **blikksmíði, málmstöðu, rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun**.

Umsóknir í þessum greinum hafa forgang.

Um styrkinn gildir eftirfarandi:

- Fyrir liggja heildarframvinda verkefnis
- Skipulag og umsjón fylgi skilgreindum gæðaviðmiðum, t.d. starfsgreinaráðs og/eða menntamálaráðuneytis
- SI styrkja að jafnaði þriðjung eða að hámarki helming af kostnaði við vinnustaðakennslu
- Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á www.si.is/vinnustadakennsla.

Einnig veitir Ingi Bogi Bogason upplýsingar í síma 591 0126.

Umsóknarfrestur: 1. október 2008

SI

Samtök iðnaðarins